

Reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli

1. gr.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra er skv. reglum þessum heimilt að annast uppsetningu, tengingu og rekstur tveggja ljósastaura við íbúðarhús í sveitarfélaginu með fastri búsetu eða íbúðarhús í sveitarfélaginu í eigu íbúa með lögheimili í Húnaþingi vestra, hafi samningur þar að lútandi verið undirritaður af fulltrúa sveitarfélagsins og eiganda umrædds íbúðarhúsnæðis.

2. gr.

Allur búnaður v/ lýsingarinnar er eign Húnaþings vestra. Tenging rafmagns v/ lýsingarinnar skal vera innan við stofnvarskassa íbúðarhúss.

3. gr.

Staðsetja skal ljósastaura við heimreið u.þ.b. 40 m frá íbúðarhúsi fyrri staur og u.þ.b. 80 m annar staur.

4. gr.

Viðhald búnaðar er í umsjón rekstrarstjóra Húnaþings vestra. Öll vinna við tengingar skal unnin af fagmönnum með til þess bær réttindi.

5. gr.

Sveitarfélagið endurgreiðir raforkukaupanda kostnað vegna lýsingar á grundvelli reynslutalna frá RARIK þ.e.a.s. ljós á birtuskynjara logar um 4200 stundir á ári. Uppgjör skal vera í nóvembermánuði ár hvert og miðast það við gildandi verðskrá RARIK á hverjum tíma.

6. gr.

Fari íbúðarhús úr fastri búsetu eða eigandi flytji lögheimili úr sveitarfélaginu falla endurgreiðslur niður.

7. gr.

Eigandi íbúðarhúsnæðis skal tilkynna rekstrarstjóra Húnaþings vestra um bilanir á ljósastaurum og tilheyrandi búnaði. Rekstrarstjóri Húnaþings vestra skal skipuleggja reglubundnar eftirlitsferðir v/ ljósastaura og búnaðar. Eigandi íbúðarhúss ber ábyrgð á öllum búnaði sem settur er upp við íbúðarhús hans og er hann skaðabótaskyldur vegna tjóns sem á búnaðinum kann að verða.

8. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 14. júní 2012.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 14. maí 2020